



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

NPA miðstöðin sfv.

Reykjavík 15. apríl 2019

Hátúni 12
105 Reykjavík

1806019SA TP
Málalykill: 02.00

Efni: Framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Vísað er til bréfs NPA miðstöðvarinnar, dags 29. mars sl., sem sent var til stjórnenda félagsþjónustu sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins.

Í bréfinu eru settar fram kröfur til sveitarfélaga í fimm liðum, m.a. um hækkun á samningsbundnu fjárframlagi í NPA-samningum til launakostnaðar.

Hvað þetta varðar vill sambandið benda á að innleiðing á NPA, sem lögfestu þjónustuformi, mun standa yfir a.m.k. til og með ársins 2022. Á þessu tímabili bera ríki og sveitarfélög sameiginlega ábyrgð á fjármögnun NPA. Þessi sameiginlega ábyrgð kemur m.a. fram í ákvæði til bráðabirgða (I) með lögum nr. 38/2018 og gerir að verkum að samtal um fjármögnun þjónustunnar getur ekki farið fram án aðkomu ríkisins.

Sambandið telur því rétt að bíða svara félagsmálaráðuneytisins við bréfi NPA-miðstöðvarinnar en lýsir sig reiðubúið til viðræðna um fjárhagsleg samskipti þeirra aðila sem koma að NPA. Útgangspunktur í þeim viðræðum á að mati sambandsins að felast í þeirri staðreynd að á innleiðingartímabilinu (til og með 2022) er NPA valkostur við hefðbundna þjónustu. Þessi valkostur er nýttur og gengið til samningsgerðar um NPA sé það sameiginleg niðurstaða notanda og ábyrgðaraðila þjónustu að þjónustuformið henti vel til þess að mæta stuðningsþörfum. Þannig mun NPA einungis ná til hluta notenda (og tiltölulega fámenns hóps) og getur því vart talist vera meginform í þjónustu við fatlað fólk.

Sambandið bendir einnig á að meginreglur um meðferð opinberra fjármuna gilda um NPA, þar á meðal að stuðlað sé að hagkvæmni og forsvaranlegri nýtingu á sameiginlegum gæðum. Í því efni hlýtur fyllilega að koma til álitu að gerð og framkvæmd samninga við umsýsluaðila með NPA fari fram skv. þeim lagareglum sem um það gilda, sbr. m.a. VIII. kafla laga nr. 120/2016, um opinber innkaup. Vakin er athygli á að kröfugerð af því tagi sem fram kemur í bréfi NPA-miðstöðvarinnar samrýmist engan veginn þeim lagareglum.

Umrætt bréf ber einnig með sér að NPA miðstöðin telji sig vera aðila að einhvers konar kjaraviðræðum við íslensk sveitarfélög og geti í krafti slíkrar aðildar hlutast til um að sveitarfélögin tryggji lágmarksstarfskjör aðstoðarfólks.

Af því tilefni skal tekið afar skýrt fram að sveitarfélögin eiga lögum samkvæmt alls enga aðkomu að undirbúningi, gerð eða framkvæmd kjarasamninga vegna þeirra sem sinna störfum aðstoðarfólks. Sökum þess verður að hafna alfarið kröfum um að sveitarfélög séu bundin af einhvers konar lágmarkstaxta útgefnum af NPA-

miðstöðinni. Það er enda afar skýrt í lögum að samningsfjárhæðir í NPA taki mið af kjarasamningum.

Varðandi viðmið af þessum toga segir réttilega í bréfi miðstöðvarinnar að sveitarfélög hafi svigrúm til nánari útfærslu í reglum sem þau setja um NPA.


Þetta svigrúm er ákveðið af löggjafanum m.a. með tilliti til þess að aðstæður eru ólíkar eftir sveitarfélögum og eðlilegt að þjónusta sem veitt er í nærsamfélaginu fái staðbundna aðlögun. Viðmið geta því mögulega fengið nokkuð ólíka útfærslu í reglum sveitarfélaga, t.d. þannig að framlagið taki mið af atvinnuástandi í sveitarfélögum.

Sambandið telur á hinn bóginn eðlilegt að mótuð séu samræmd viðmið um það hvernig kjarapróun á almennum vinnumarkaði breytir því framlagi sem hvert sveitarfélag fyrir sig ákveður. Félagsmálaráðuneytið hefur lýst þeirri afstöðu bréflega (sbr. meðf. afrit bréfs dags. 2. október 2018) að fjármála- og efnahagsráðuneytið muni taka ákvarðanir þar að lútandi á hverjum tíma enda hefur almenn kjarapróun einnig áhrif á framlag ríkisins til NPA-samninga, hvort sem þau áhrif koma fram í fjárlögum hvers árs eða fjáraukalgöum. Þessi nálgun er skynsamleg að mati sambandsins og festir í sessi þá sameiginlegu ábyrgð á fjármögnun sem fyrr er rakin.

Um leið og áréttaður er vilji til almennra viðræðna um fjárhagsleg samskipti þeirra aðila sem koma að NPA, skal sérstaklega tekið fram að sambandið óskar eftir framhaldi á því góða samstarfi sem ríkt hefur um faglega framkvæmd NPA, við undirbúning lagasetningar, gerð reglugerðar og nú síðast útgáfu handbókar um NPA. Mikilvægt er að viðhalda samstöðu um farsæla innleiðingu notendum til hagsbóta þótt álitamál séu uppi um fjármögnun þjónustunnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Svarbréf velferðarráðuneytisins til sambandsins, dags. 2. október 2018

Afrit: Félagsmálaráðuneytið